



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

SAMSTAÐA UM ATVINNUSÓKN

Samantekt vegna kjarasamninga

janúar 2011

Markmið

Meginmarkmið Samtaka atvinnulífsins í komandi kjarasamningum er að skapa skilyrði fyrir auknar fjárfestingar, fyrst og fremst í útflutningsgreinum, til þess að atvinnulífið og þjóðin öll nái fyrri styrk. Þannig skapast ný störf til skemmri og lengri tíma, atvinna verður í boði fyrir alla sem vilja vinna og atvinnuleysi minnkar hratt.

Skynsamlegir kjarasamningar til þriggja ára með launakostnaðarhækkunum á svipuðu róli og í nágrannalöndum okkar eru nauðsynlegur þáttur í að skapa stöðugleika, draga úr óvissu og hvetja þannig til ákvarðana um fjárfestingar í atvinnulífinu. Ennfremur þurfa ríkisstjórn og Alþingi að koma að málum. Allt þarf að miðast við að laða fram auknar fjárfestingar með hagstæðum skilyrðum, stöðugleika og minni óvissu.

Kjarasamningar

Kjarasamningar til þriggja ára. Samræmd launastefna. Ákvarða viðmið fyrir launakostnaðarhækkun yfir þriggja ára tímabil. Sveigjanleg útfærsla fyrir einstaka viðsemjendur.

Mál til umfjöllunar við ríkisstjórn og Alþingi

Auknar fjárfestingar:

Afnám gjaldeyrishafta og trúverðugar væntingar um hækkandi gengi
Opnun fjármagnsmarkaða og lækkandi vextir og fjármagnskostnaður
Sátt um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða á grundvelli niðurstöðu endurskoðunarnefndar
Lækkun atvinnutryggingagjalds til samræmis við minna atvinnuleysi
Breytingar á skattamálum fyrirtækja sbr. tillögur SA/VÍ
Átak til að koma stórum fjárfestingarverkefnum í atvinnulífinu á skrið

Önnur atriði:

Yfirstjórn og framkvæmd atvinnuleysistrygginga til aðila vinnumarkaðarins
Afgreiðsla á frv. um greiðsluskyldu til Starfsendurhæfingarsjóðs
Aðgerðir til jöfnunar lífeyrisréttinda á vinnumarkaðnum
Átaksverkefni í menntamálum í þágu atvinnulífsins og ferðaþjónustu utan sumartíma